

**Ed.**

**119. Nefndarátt**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Landskjör 1930].

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hefir borizt umsögn próf. Ólafs Lárnssonar um frv. þetta. Leggur hann til, að frv. verði gert nokkru fyllra að því er snertir fyriræði um samningu kjörskráanna, framleggingarfresti og fresti í sambandi við kærur út af kjörskránum. Fellst nefndin á tillögur prófessorsins og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr.

a. Síðari hluti greinarinnar »Skulu kjörskrár . . .« til enda greinarinnar falli niður.

b. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

2. gr.

Kjörskrár og ankakjörskrár við kosningu þessa skulu samdar þannig, að í gildi komi 10. júní þ. á.

3. gr.

Við undirbúning kosningar þessarar breytast tímaákvæðanir og frestir kosningalaganna sem hér segir:

Kjörskrár skulu lagðar fram 1. apríl, en aukakjörskrár 10. maí.

Anglýsingarfrestur samkvæmt 12. gr. kosningalaganna skal vera ein vika.

Kærufrestur samkvæmt 13. gr. laganna skal vera 14 dagar, frá því að kjörskrá var lögð fram.

Úrskurðarfrestur á kærum samkvæmt 14. gr. skal vera ein vika frá lokum kærufrests. Frestur til fundarboðs samkvæmt sömn grein skal vera 3 dagar.

Um kærur við aukakjörskrár og úrskurði þeirra gilda venju-legir frestir.

2. Við 2. gr. Greinin verði 4. gr.

Alþingi, 14. febr. 1930.

Jón Baldvinsson,  
form.

Ingvar Pálmasou,  
fundaskrifari og frsm.

Jóh. Jóhannesson.